

Stjórnugrís hf
Vallá
116 Kjalarnes

Reykjavík, 7. febrúar 2020

UST201901-218/E.H.

08.12.02

Efni: Eftirlit 2019 - Stjórnugrís Reglubundið eftirlit, 17. 12. 2019

Þann 17. desember sl. fór fram eftirlit í Stjórnugrís að Melum í Melasveit. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Útistandandi frávik:


1. Enn eru birgðir af tómunum körum fyrir maurasýru en fundið hefur verið önnur not fyrir körin sem skjólvegg eftir að þau hafa verið fyllt af vatni. Enn er bíll ótengdur rekstri á athafnasvæði.
2. Áætlið verklok við malbikun á svæði við dyr þar sem afhending dýra fer fram miðaðist við 30. júní en því verki er ólokið. Frávikið var skráð í eftirliti 24. ágúst 2018 þar sem eitt af húsunum uppfyllti ekki kröfur um bundið slitlag við dyr þar sem afhending á dýrum fer fram.
3. Fremri safnþró er enn óyfirbyggð en skv. samþykktari úrbótaáætlun miðast verklok við 1. ágúst nk. Vindstyrkur var talinn of mikill fyrir segldúk yfir þróna. Verið er að skoða með verkfræðingi hvernig hægt sé að byggja yfir tankinn. Nokkrar aðrar lausnir eru einnig í skoðun skv. rekstraraðila

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar dreifingu svínamykju en eitt frávik kom fram er varðar:


1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal starfsmönnum kynnt ákvæði þess.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. febrúar, 2020.

Virðingarfyllst



Einar Halldórsson



Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Dags eftirlits	17.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Rakel Kristjánsdóttir
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara eftirlit ársins með svinabúi Stjórnugríss hf. í Melarsveit. Fram kom eitt nýtt frávik frá starfsleyfi og einni ábendingu er komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðu útistandandi frávik:

- Enn eru birgðir af tónum körum fyrir maursýru en fundið hefur verið önnur not fyrir körin sem skjólvegg eftir að þau hafa verið fyllt af vatni. Enn er bill ótengdur rekstri á athafnasvæði.
- Áætlið verklok við malbikun á svæði við dyr þar sem afhending dýra fer fram miðaðist við 30. júní en því verki er ólokið. Frávikið var skráð í eftirliti 24. ágúst 2018 þar sem eitt af húsunum uppfyllti ekki kröfur um bundið slitlag við dyr þar sem afhending á dýrum fer fram.
- Fremri safnþró er enn óyfirbyggð en skv. samþykktri úrbótaáætlun miðast verklok við 1. ágúst nk. Vindstyrkur var talinn of mikill fyrir segdlúk yfir þróna. Verið er að skoða með verkfræðingi hvernig hægt sé að byggja yfir tankinn. Nokkrar aðrar lausnir eru einnig í skoðun. Ljóst er að úrbótaáætlunin mun ekki standast og óskar stofnunin eftir uppfærslu á því hvaða úrbætur verða gerðar.
- Grein 4.3 í starfsleyfi/reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 og reglugerð um útstreymisbókhald nr. 880/2008. Grænt bókhald og útstreymisbókhald hefur borist stofnuninni og er því frávikin lokað.
- Grein 3.2. Gámur fyrir dýrahæ var opin og óþéttur en hefur nú verið lagfærður og er því frávikin lokað.
- Grein 2.9 Dreifing á mykju fór fram utan dreifingartíma þann 24. júní sl., rekstraraðili stoppaði dreifingu samdægurs og skerpt hefur verið á verklagi við starfsmenn og frávikin því lokað.

Rætt var hvort eintak af starfsleyfi væri á starfsstöð og hvort starfsmönnum hefði verið kynnt ákvæði þess en skv. gr. 1.5 í starfsleyfi. Skv. rekstraraðila hafði það ekki verið gert þar sem það að þýða þyrfti starfsleyfið á önnur tungumál fyrir erlenda starfsmenn á starfsstöðinni. Íslensk útgáfa af BATc (bestu aðgengilegu tækni) var afhent í eftirlitinu og var rekstraraðila ráðlagt að fara vel yfir þær kröfur sem koma til gildis árið 2021 eftir að fjögurra ára aðlögunartími frá útgáfu nýrra BATc krafna (BAT conclusions) er liðinn.

Farið var yfir fyrirkomulag á dreifingu svínamykju en skv. rekstraraðila er ekki verið að fella svínamykju ofan í svörðinn skv. gr. 2.13 í starfsleyfi en það skal gert þar sem hægt er. Skv. Rekstraraðila er öll svínamykja sem verður til við starfsemina nýtt sem áburður líkt og kröfur eru um í gr. 2.6.

Farið var í vettvangsskoðun um starfsstöðina og var ekki tilefni til frekari athugasemda en hafa komið fram er varðar opin frávik frá starfsleyfi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

grein 1.5 í starfsleyfi


Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal starfsmönnum kynnt ákvæði þess.

ÁBENDINGAR

Stefnt skal að því að fella svínamykju ofan í svörðin þar sem hægt er skv. gr. 2.13 í starfsleyfi. Nú er það ekki gert og þarf rekstraraðili að kanna leiðir til þess að það sé mögulegt.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.01.2020


Einar Halldórsson